

Ed.

76. Frumvarp

til laga um þyngd bakarabrauða.

(Eftir 2. umr. i Ed.).

1. gr.

Bæjarstjórnnum og sveitarstjórnnum veitist heimild til að ákveða með samþykkt þyngd bakarabrauða, hver í sínum kaupstað eða sveit, og skal bökurum óheimilt að selja brauð með öðrum þunga en ákveðinn verður með tjeðri samþykkt.

Þó skal það ekki teljast brot á samþykktum þessum, þótt einstök brauð sjeu 2% ljettari eða þyngri en samþykktin tiltekur, en á þyngd 20 brauða má mismunurinn að eins vera 1%.

2. gr.

Samþykktir eftir lögum þessum öðlast ekki gildi fyr en stjórnarráðið hefir staðfest þær, og skulu þær birtar í B-deild Stjórnartíðindanna.

3. gr.

Í samþykktum þeim, er settar verða samkvæmt lögum þessum, má meðal annars ákveða sektir 25—500 krónur fyrir brot. Sektir allar renna í bæjar- eða sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

Með mál út af brotum gegn samþykkt eftir lögum þessum skal farið sem með opinber lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.